

Mál nr. 13/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 14. janúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 4. mars 2022.

Málsatvik.

Í fyrirbyggjandi ökutækjaskýrslu fram að umferðaróhapp hafi orðið á Fífuhammsvegi í Kópavogi þann 29. maí 2020. Bifreiðunum (A) og (B) var báðum ekið austur Fífuhammsveg að Dalvegi gegn grænu ljósi. M sem var ökumaður B kveðst hafa stöðvað bifreið sína þar sem hundur í taumi hafi verið kominn út á götuna en við það hafi strætisvagninum A verið ekið aftan á B. Í skýrslunni er haft eftir M að hún hafi fengið hnykk og sé með verk í baki.

M tilkynnti líkamstjón sitt til V og með tölvupósti dags. 5. nóvember 2021 tilkynnti V að það hafi aflað útreiknings á hraða ökutækisins og þeim höggkrafti sem verkaði á það við atburðinn. Samþykkti V að endurgreiða útlagðan kostnað vegna fyrstu læknskómu og/eða annars kostnaðar vegna sannanlegra tímabundinna afleiðinga sem fallið hefur til á fyrstu þremur mánuðum eftir slysið en að öðru leyti hugðist félagið hvorki hlutast til um frekari gagnaöflun né greiðslu fyrir hana. Gögn málsins bendi ekki til að varanlegt heilsutjón geti hafa hlotist af slysinu. Í málinu liggur einnig fyrir skýrsla sem V aflaði um PC-Crash útreikninga dags. 11. mars 2021 og ítarlegt vottorð heimilislæknis dags. 6. október 2021.

M telur að fyrirbyggjandi gögn sýni það með fullnægjandi hætti að orsakatengsl séu á milli þeirra einkenna sem hún býr við í dag og slyssins. M hafi haft viðvarandi einkenni frá m.a hægri öxl. Skýrsla V á högg- og hraðaútreikningi félaganna hafi takmarkað sönnunargildi, hennar var aflað einhliða og er útreikningurinn að litlu leyti byggður á samtímagögnum.

V hefur hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu A. Afstaða félagsins byggir á því að áreksturinn hafi verið það vægur að frekari gagna sé þörf til að sýna fram á orsakatengsl á milli hans og líkamlegs ástands málskotsaðila. Engar skemmdir urðu á bifreið tjónvalds og afar litlar skemmdir á bifreið málskotsaðila. Ekki liggja fyrir álitsergð óháðra matsmanna sem staðfestir orsakatengsl milli slyss og einkenna.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 29. maí 2020. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M ber sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að M leitaði á heilsugæsluna þann 9. júní 2020 og lýsti verkjum í baki, hægri mjöðm og hægri öxl en mestu einkenni voru frá öxlinni. Fékk hún tilvísun í sjúkrahjálfun og almennar ráðleggingar. Næstu 12 mánuði leitaði M reglulega til læknis vegna einkenna sinna frá hægri mjöðm, hægri öxl og baki. Mest þó vegna einkenna frá hægri öxl. Af sjúkrasögu M verður ekki ráðið að þau einkenni hafi verið til staðar fyrir umferðarslysið og er það staðfest af heimilislækni í vottorði hans dags. 9. október 2021 en þar segir: „*..er enn að kljást við afleiðingar af umferðarslysinu þann 29.05.2020 með verki og skertri hreyfingu um hægri öxl. Einkenni eru henni hamlandi að mörgu leyti. Segulómun hefur sýnt bólgubreytingar með þykknun á liðpoka AC liðar og ennfremur vægar bólgubreytingar á sinum á axlarvöðvum (supraspinatus og subscapularis) án rifu.*” Þrátt fyrir að ekki liggja fyrir mat lækna á orsakatengslum umrædds árekstrar og þeirra einkenna sem M kveðst búa við í dag verður að telja að gögn málsins styðji það að einhverjar líkur séu á því að einkenni sem M býr við í dag megi rekja til árekstursins þann 29. maí 2020. Hafa einkenni hennar verið viðvarandi frá slysdegi þrátt fyrir að M hafi bæði sótt sjúkrahjálfun og fengið ávísuð verkjalyf.

Samkvæmt framansögðu verður talið sýnt fram á að meiri líkur en minni séu á að M hafi orðið fyrir einhverju tjóni þó ekki liggi fyrir hver fjárhæð þess geti orðið eða hvort eingöngu sé um tímabundið tjón að ræða. Er það hlutverk hæfra og óvilhallra matsmanna að skera úr um læknisfræðileg orsakatengsl milli áreksturs og einkenna tjónþola. Af PC-Crash skýrslu sem V byggir mál sitt á og aflaði einhliða verða, eins og áður segir, ekki dregnar það víðtækar ályktanir að M geti ekki hafa orðið fyrir neinu tjóni við áreksturinn þar sem læknisfræðileg gögn styðja að svo hafi verið. Miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu telst M því eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V, að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón.

Reykjavík, 5. apríl 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir